

Fundargerð háskólaráðs

325. fundur 11. janúar 2013

stofu 262, Borgum, kl. 12

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.25.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 323. fundar

"[málsnúmer]"

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

2. Formleg tilnefning fulltrúa í háskólaráð

1203066

Rektor kvaðst hafa fengið jákvæðar undirtektir hjá öllum þeim einstaklingum sem honum var falið á síðasta fundi að ræða við um setu í háskólaráði 2012-2014 sem fyrsta kost. Háskólaráð samþykkti formlega tilnefningu tveggja aðalfulltrúa og eins til vara, þeir eru:

Aðalfulltrúar: Finnbogi Jónsson stjórnarformaður Advania og Svanfríður Inga

Jónasdóttir bæjarstjóri og varafulltrúi þeirra: Dr. Sigrún Stefánsdóttir

fjölmiðlafræðingur. Háskólaráð er þar með fullskipað.

K.A. Hei
HJ HJ
SIRJ

3. Önnur mál

Rektor sagði frá drögum að aðgerðaáætlun með stefnu HA 2012-2016, með áherslu á árið 2013. Aðgerðaáætlun mun koma aftur til samþykktar í háskólaráði.

Ákveðið var að á næsta fundi myndir rektor gefa yfirlit yfir stjórnsýslu háskólans, m.a. hlutverk gæðaráðs og framkvæmdastjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.20.

Hannu Gunnakaldu
Hafdis Erna Ásbjarnard.
Höfðing
Kristín Þórgjörnsdóttir
S. A. L.